

Soffía Auður Birgisdóttir

HORFINN EDEN

Fell í skrifum Þórbergs Þórðarsonar

Í fyrstu bók Suðursveitarbókanna, *Steinarnir tala*, lýsir Þórbergur Þórðarson Halabænum og nánasta umhverfi hans en í annarri bókinni, *Um lönd og lýði*, víkkar hann sjónarhornið og lýsir allri Suðursveit. Eins og ég hef bent á má líkja má frásagnaraðferð Þórbergs í *Um lönd og lýði* við kortagerð. Það er engin tilviljun að í byrjun bókarinnar getur hann þess að hann hafi eignast kort úr enskum trollara sem strandaði fyrir Breiðamerkursandi og það hafi opnað fyrir honum nýja heima. Í *Um lönd og lýði* kortleggur Þórbergur með orðum náttúru sveitarinnar og landslag og þræðir sig af bæ á bæ, frá vestri til austur, þar til hann er kominn að endimörkum Suðursveitar.

En það er ekki bara „líf landsins í Suðursveit“ heldur einnig „samband þess við líf fólksins“ (240) sem er sögumanni hugleikið og sögum af mannlífi í fortíð og nútíð er sífellt fléttað saman við sveitar- og landslagslýsingarnar. Sögu fólksins má kynnst með því að lesa í landslagið; gömul tóttarbrot eru „þjóðkvæði horfinna tíma, stuðluð undir hleðsluháttum“ (181) og náttúran og tíminn geyma söguna „í einhverslags albúmi“ sem hægt er að fletta (194). Slíkt kemur þó ekki í stað dagbóka sem hefðu varðveitt þekkinguna hefðu þær verið skrifaðar, áréttar Þórbergur og gegnumgangandi stef í frásögninni er eftirsjá, Þórbergur harmar heimildaleysið, þekking hefur glatast því „það hafði aldrei verið skrifað“ (sjá t.d. 187, 189, 199, 208, 216); „það hafði aldrei verið mælt, aldrei sigtað út, og aldrei skrifað“ (192):

Það var skelfilegt, hvað fólk var búíð að týna miklu af því, sem komið hafði fyrir í byggðinni, og ég skildi vel af hverju það var, eftir að ég fór að halda dagbók. Það var af því, að það hafði aldrei haldið dagbók, aldrei skrifað neitt hjá sér. Þess vegna er allt það fína gleymt, aðeins hrossalegustu viðburðirnir, sem hafa varðveitst, svona meira eða minna og margt afbakað. (198)

Kannski má segja að á þessu málþingi séum við að reyna að búa til nokkurs konar albúm til fletta, til að kynna sögu fólksins með því að lesa í landslagið og gömul tóttarbrot og vitaskuld er hættu á því að það verði meira og minna afbakið. Hér á eftir ætla ég að taka saman það sem Þórbergur segir um vestasta bæjarhverfi Suðursveitar sem áður var kallað Fellshverfi og náði frá Steinasandi til Breiðamerkursands.

*Um lönd og lýði* hefst á þessum orðum:

Það var mikil hátíð að horfa í vestur frá Hala í bjartviðri á daginn og tungsljósi á kvöldin. Þvers fyrir hávestrinu stóð Fellsfjall, tæplega klukkutímagang frá bænum. Það var eins og það gengi í suður fram úr fjallgarðinum, sem lá bak við endilanga byggðina frá orðaustri til suðvesturs (*Í Suðursveit: 163*)

Strax í upphafi bókarinnar er sjónarhorninu beint að Fellsfjalli og síðan fylgir löng og ítarleg lýsing á fjallinu, sem Þórbergi finnst „ákaflega fagurt“... „eins og það hefði verið búíð til að miklum byggingarmeistara, sem hefði hugsað það vandlega út, áður en hann byrjaði að hlaða það“. Þórbergur skrifar:

Manni fannst það vera nákvæmlega eins og það ætti að vera. Það vantaði ekkert í það, og þar var engu ofaukið, og manni fannst allt í því vera á réttum stað. Það var listaverk, sem hinn ónefndi meistari hafði sett svona á þennan stað handa fólkinu til að horfa á, svo að það yrði andlegra í sér. (*Í Suðursveit: 163*)

Þórbergur beinir sjónarhorninu ítrekað að Fellsfjalli, það er líkast því að hann geti ekki slitið augun af því og oft kemst hann skemmtilega að orði, eins og honum einum er lagið:

Þegar ég stóð lítið fífl úti á vestra hlaðinu á Hala, sá ég hátt fjall langt í burtu í vestur frá bænum og annað fjall meira en helmingi hærra rétt vestan við það. Svo varð ég stærrí, og þá hætti þetta að vera fjall. Það var bara hár

hóll neðan undir fjallshlíðinni, og milli hans og hlíðarinnar lá gatan, sem var alfaravegur. Þegar ég var búinn að læra að stíga niður vegalengdir, þá var þessi hóll aðeins 200 faðma frá bænum og 105 faðma langur, en ég fann engin ráð til að vita, hvað hann væri hár. Fjallið, sem hafði verið rétt vestan undir honum, var nú komið næstum klukkutíma gang vestur frá honum. Það var meistaraverkið mikla, sem kallað var Fellsfjall. (*Í Suðursveit*, 169)

Þrennt er það í minningu Þórbergs sem honum finnst bera af öðru í fegurð: Franskar skonnortur undir fullum seglum á haffletinum úti fyrir strönd Halatorfunnar, Örafajökull og Fellsfjall. Þegar Þórbergur hefur lýst Fellsfjalli í löngu máli og landinu vestan við Hala snýr hann kastljósinu að byggðinni. Vestustu bæir í Suðursveit voru á hans tíma Reynivellir en það var ekki alltaf svo. Þórbergur skrifar:

Fyrrmeir náði byggðin lengra í vestur. Þá stóð bær sunnan undir Fellsfjalli, röskan tuttugu mínútna gang í suðvestur frá efribænum. Hann hét Fell. Svo hefur fjallið heitið í upphafi og bærinn þá sennilega verið kallaður undir Felli. En síðar hefur verið farið að kalla bæinn Fell og fjallið Fellsfjall. Fellsbærinn stóð á sléttu, um 40 faðma frá rótum fjallsins. Bæjartæturnar sáu stennur frá Reynivöllum, og það var auðséð, þegar maður kom að þeim, að þarna hafði einhverntíma verið höfðingjabær. (*Í Suðursveit*: 187)

Fell var líka mikil jörð á sínum blómatímum, metin til hundrað hundraða. Hún átti lönd öll þangað vestur, sem Breiðá fellur nú á Breiðamerkursandi. [...] Á glæsitímum Fells hefur mikill hluti þessa lands verið grasi og skógi vaxin slétta. En í mínu ungdæmi var öll þessi víðátta hulin sandi og jökli. Það var austurhluti Breiðamerkursands og Breiðamerkurjökuls. Auk þess átti Fell alla beit í Fellsfjalli og Veðurárdal og miklar og rekasælar fjörur, selveiði í ósum og lónum á Breiðamerkursandi og sennilega mávsvarp og skúmsvarp úti á sandinum, en þá hefur sandurinn verið miklu styttri en hann varð síðar og aðall hans sennilega legið á svæðinu í grennd við Breiðá. (*Í Suðursveit*: 187)

Þórbergur vísar í „gamalt fólk í Suðursveit“ sem „kunni ýmsar sagnir um framrás Breiðamerkurjökuls og Fellslönd, og um þau var gjarnan talað sem horfinn Eden“ skrifar hann. Haft er eftir Oddnýju á Gerði að einhvern tíma snemma á níttjándu öld hafi Breiðamerkurjökull verið það lítið skriðinn fram að „hann sást í líkingu við heysátu fram undan Fellsfjalli frá Reynivöllum“ (187) og „í þann tíð hefði verið farið

beint af augum frá Felli út að Kvískerjum.“ Og mun það hafa verið röskur fimm tíma gangur.

En svo fór jökullinn að vaða niður Fellslönd með sívaxandi hraða, og vötnin, sem undan honum féllu, óxu að magni og köstuðu sér til og frá um sléttuna og breyttu þessu mikla landi með aðstoð búpenings og vinda í nakta sandauðn, og jökulhellan fylgdi á eftir. (*Í Suðursveit*: 187)

Þórbergur segir að litlu fyrir aldamótin 1900 hafi jökullinn komist lengst fram og var þá „skriðinn allt að átta kílómetra fram fyrir Fellsfjall og langa leið fram fyrir beina sjónhendingu frá Felli að Kvískerjum“. Þá hafi „ellefu kílómetra breið jökulhella [...] lagzt eins og fjall á milli byggðanna“ (*Í Suðursveit*: 188).

Þannig höfðu jökull, vötn og vindar og munnar búpenings og hendur manna gengið öldum saman á hin miklu og blómlegu Fellslönd, mjög hægt og bítandi framan af, en jökullinn, vötnin og vindarnir með sívaxandi afköstum, þegar tímar liðu, þar til tortímingin var fullkomnuð á síðari hluta nítjándu aldar, og hið forna höfuðból á sléttunni undir fjallinu lagðist í eyði. Það mun hafa verið í kringum 1860 og gerðist með svíplegum hætti. (*Í Suðursveit*: 188)

Þórbergur lýsir því með dramatískum hætti hvernig Fell breyttist úr öflugum stórbýli í örreitiskot:

Veðurá hét vatnsfall og var útlagt Hrútsá. Hún kom undan Breiðamerkurjökli austan, fyrir vestan eða suðvestan Fell og féll til suðausturs um Breiðamerkursand, fyrir sunnan bæinn, og út í Breiðabólstaðarlón vestast. Þá sem enn var Jökulsá höfuðvatnsfallið á Breiðamerkursandi. Hún kom undan suðurbrún Breiðamerkurjökuls og átti stutta leið í sjó, þegar jökullinn hafði gengið lengst fram. Skyndilega gerðist það undur, að Jökulsá öll eða nokkur hluti hennar breytti útrás sinni undan jöklinum og brauzt nú út austurundan honum fyrir vestan Fell, einum átta kílómetrum norðar en hún hafði þangað til haft framrás og féll nú saman við Veðurá. Af þessu varð geysilegur vatnsflaumur, sem svall fram beljandi fyrir norðan og sunnan Fellsbæinn. Þetta bar að á næturþeli og með þeim ákafa, að búpeningi varð með naumindum bjargað upp í fjallshlíðina norðan við bæinn, og var sagt að vatnið hefði lagzt upp á síður á kúnum, þegar farið var með þær yfir mýrarsundið milli bæjarins og

fjallsins. Á þessari nóttu reið af smiðshöggið á eyðileggingu Fells. Bæjarhúsin mun þó ekki hafa tekið af í þessu flóði, því að í mínu ungdæmi sáuust tætturnar á grasgeira, sem stóð upp úr aurburðinum í kring. Bærinn hefur sennilega staðið á lítilli hæð eða barði, sem flóðið hefur ekki náð að flæða mjög yfir.

Þegar þetta gerðis bjó á Felli Vigfús Sigurðsson, langömmubróðir minn. Hann byggði sér nú bæ austan í fjallshlíðinni, en hélzt þar ekki lengi við bú, því að nú var Fell orðið örreytiskot. Þá lagðist byggð með öllu niður á Felli og jörðin komst í eigu Eyjólfsson hreppstjóra. Ennþá var eftir Fellsfjara og eggvarp og ungatekja á Breiðamerkursandi, allmikil beitolönd, og dálitlar slægjur austan í fjallhlíðinni og á Fellsbakka.

Þannig lauk sögu þessa höfuðsbýlis, sem einhverntíma snemma á öldum hefur byggzt úr Breiðabólstaðarlandi, enginn vissi hvnær, því að það hafði aldrei verið skrifað. En maður getur spurt: Fluttist Hrollaugur landnámsmaður þangað og byggði þar fyrstu manna, þegar hann seldi Ulfi vorska Breiðabólstaðinn, ef sú saga er sönn í Landnámu? Hrollaugshólar, þar sem landnámsmaðurinn átti að vera heygður, voru skammt frá Felli. (188-189)

Þarna hefur Þórbergur lýst því hvernig náttúruöflin brutu höfuðbólið Fell niður og gerðu að örreytiskoti. En hann lætur það þó ekki nægja heldur bætir við frásögn fróðleikskonunnar Oddnýjar á Gerði, enda var „það mikil saga og djúp, þegar Oddný sagði hana, og gaman að hlusta á hana í rökkriinu“, eins og hann skrifar (189). Frásögn Oddnýjar snýst um Ísleif sýslumann Einarsson (1655-1720), sem bjó á Felli og „var talinn mikilhæfur maður, yfirlætislaus og sérlega vel látinn af alþýðu manna“ (189). Þau jarðteikn gerður við útför hans voruð 1720 „að kirkjuklukkurnar hringdu sér sjálfar, þegar líkfylgdin kom vestur á Moldargröndum á Steinasandi [og] þótti sýna, að máttarvöldin hefðu alið góðan hug til Ísleifs sýslumanns og hann hefði hlotið hlýjar viðtökur hinumegin“ (189). En sonur Ísleifs var Jón, sem „heppnaðist ekki lífið eins vel og föður hans, og var kennt um fjölkynngi að einhverju leyti“ (190). Að Felli beiddist gistingar fjölkynngismaðurinn Vísi-Páll og vistaðist hann þar til dauðadags. Honum var falið að kenna Jóni og mun hann meðal annars hafa kennt honum „eitthvað í göldrum“. Þegar Vísi-Páll lá banaleguna „gerðist allt svo kynlegt í kringum hann, að ekki þótti hægt að láta hann liggja í mannabústað, og var rúm hans flutt út í fjós og hann látinn liggja þar. Þar hófust þegar svo óskemmtilegir reimleikar, að

enginn treysti sér til að vera yfir Páli, nema Jón einn, en hann var þar öllum stundum, þangað til Páll dó“ (190). var lík hans „flutt vestur undir Breiðamerkurjökul, einhvers staðar fyrir vestan Fell, og sett þar niður“:

Upp úr því brá svo við, að meiri ókyrrð fór að komast í jökulinn en verið hafði og hann herjaði fram með meiri hraða, og vötnin gerðu æ meiri usla í Fellslöndum, þar til þetta hundrað hundraða höfuðbók var grafið í sand og leir. (190)

Illa fór líka fyrir Páli Ísleifssyni, sýslumannssyni. Hann varð reyndar sjálfur sýslumaður í Austur-Skaftafellssýslu, „en lenti í þrasi og málaferlum og var dæmdur frá embættinu“ og þegar hann dó árið 1732; „Þá hafði hann eytt öllum eigum sínum og bú hans var gjaldþrota, og kirkjuklukkurnar á Kálfafellsstað hringdu sér ekki sjálfar, þegar lík hans var flutt til grafar“ (190). Á eyðileggingu Fells eru því bæði náttúrulegar og yfirnáttúrulegar skýringar og að sjálfsögðu hefur Þórbergur hvorutveggja með í frásögn sinni.

Þórbergur heldur áfram að lýsa Fellsjörðinni, hann minnst á Fellssel, sem ekkert var eftir í æsku hans nema „einsleit grasfit upp úr sandhafinu úti undir fjöru suður af Felli. Gamalt fólk hafði séð seltættarnar. En þær voru týndar, þegar ég var farinn að horfa til tótta“, skrifar hann (191). En það kemur þó ekki í veg fyrir að hann láti hugann reika um fegurðina sem þar hafi ríkt forðum:

Það hefur verið ákaflega fallett í Fellsseli. Fellsfjall, Reynivallafjöllin og Breiðabólstaðarklettarnir með öllum klettabeltunum í norðri og norðaustri og allt með grænum hlíðum neðan til, lengra í norðaustri Borgarhafnarfjallið með skálina í Fallastakkanöfinni sem hægt var að sjá í dagsmörkin, og lengst í burtu, í austurnorðaustur Nesjafjöllin með Rustanöfina og Hornið fremst, eins og það stæði úti í sjónum, og Örafajökull bjartur og stórkostlegur í vestri og norðvestri og Breiðabólstaðarlónið eins og endalaus spegill í norðaustri neðan undir grænum fjallabrekkunum, og sjávarhljóðið með dýpt alheimslífsins í suðri. Það hefur verið skemmtilegt að liggja úti á selbalanum í sólskinum og horfa á alla þessa náttúru og hlusta á alheimslífið, og enginn til að segja: „Flatmagaðu nú ekki þarna eins og helvítis ómagi!“ Ég hugsaði oft um smalann í Fellsseli, hvað hann hefði átt gott, svona langt frá öllum. Og

Þegar ég var kominn á seytjanda árið, fór ég líka að hugsa um selstúlkuna. „Það er einkennilegt að hafa ekki lengur í seli.“ (191)

Og Þórbergur heldur áfram að ræða jörðina Fell og umhverfi hennar í löngu máli. Hann nefnir til dæmis hjáleigurnar Bakka, Borgarhól og Brenn hóla og talar um horfna fjárborg og bæjarstæði sem hann telur að hafi látið í lægri haldi vegna uppblásturs og ágang Veðurárinnar og bætir við: „Svo alger var sú tortíming, að nú vissi enginn nákvæmlega, hvar hóllinn og borgin og bærinn höfðu verið. Það hafði aldrei verið mælt og aldrei skrifað“ (192). Í lýsingum sínum heldur Þórbergur áfram að vefa saman náttúrlegum skýringum á eyðileggingu Fellsjarðarinnar og frásögnum sem mætti flokka sem þjóðlegan fróðleik í bland við yfirnáttúrulegar sagnir. Og síðan eykur hann við eigin skáldlegu hugleiðingum um lönd og lýði. Þessi frásagnarháttur gerir lesturinn bæði skemmtilegan og áhugaverðan, svo ekki sé talað um magnaðar náttúrulýsingar sem ætíð eru sem ívaf í texta Þórbergs.

Aftur og aftur harmar Þórbergur heimildaleysið. Þótt hann hafi farið fögrum orðum um Ísleif sýslumann áður þá áfellist hann sýslumanninn fyrir að hafa ekki haldið dagbækur og skráð hjá sér fróðleik fyrir komandi kynslóðir. Og Þórbergur ímyndar sér jafnvel hvað kynni að hafa staðið í dagbók Ísleifs og leggur línurnar um hvernig hann hefði átt að bera sig að við mælingar og útskýringar og lýsingar á landslagi og bæjum og segir svo: „Þetta hefði Ísleifur sýslumaður átt að gera. En hann gerði það ekki, af því menn voru ekki skapaðir með nógu vísindalega hugsun og skildu ekki sögu þjóðarinnar“ (200)

Hvílík dýrð að ferðast um Breiðamerkursand, ef maður hefði haft sona dagbækur alla tíð frá upphafi Íslandsbyggðar yfir þetta fagra hérað, sem nú var horfið og týnt úr sögu landsins. Það hefði verið eins og fletta mörgum alþúmum, fullum af allslags myndum. Þá hefði maður alltaf getað verið að horfa á eitthvað bak við auðnina og alltaf verið að segja við sjálfan sig alla ferðina yfir sandinn: Þarna var þetta, þetta var sona, þarna gerðist merkileg saga. Þarna var Borgarhóll, þarna hóllinn, þarna borgin, þarna bærinn. Þarna voru þá Brenn hólar, og þarna sást loginn, nákvæmlega þarna, samkvæmt dagbók Jakobs prests á Kálfafellsstað. Hann var skyggn og

forspár. Þarna stóð Fellssel. Þarna voru smalinn og stúlkan í selinu. Þá var fagurt af háu malarhólunum. (200)

Þórbergur fer á flug þegar hann ímyndar sér að hann hafi undir höndum „dagbók Íra, leysingja Þórðar“ frá landnámsöld og spinnur fjörlegan þátt úr sögu Hrollaugs landnámsmanns í Suðursveit sem ber keim af skráðum Íslendingasögum (201-205): „Svona hefði maður getað haldið áfram að fletta albúnum lífsins, ef skrifaðar hefðu verið dagbækur, og þá hefði verið yndislegt að ferðast um Breiðamerkursand“ (205).

Í *Um lönd og lýði* er þeirri sýn stöðugt varpað fram að landið og fólkíð – löndin og lýðirnir – séu í gagnvirku sambandi og eigi sameiginlegra hagsmuna að gæta. Ef fólkíð bregst trúnaði við landið þarf það að sæta afleiðingum gjörða sinna. Stutt frásögn í 8. kafla birtir þetta í hnotskurn. Þar er vísað aftur á landnámsöld þegar menn námu lönd og byggðu bæi á Íslandi og lifðu í sátt og samlyndi. Það var fyrir „mörgum öldum, þegar meiri sólskin voru á Íslandi og veðrin hlýrri og landið veizlubúið, álfar léku í skógum og dísir svifu í lofti“ (196). Breiða féll um sléttuna Breiðármörk og Breiðamerkurjökull „lúrði fyrir ofan byggðina“ (197). En samlyndi manna spillist, landið er misnotað og svikið og það kallar hörmungar yfir bæði lönd og lýði:

Þá dundu hörmungarnar yfir. Höfðingjar landsins lögðust í innanlandsstýrjaldir sakir heimsku sinnar, sem ginnu þá til fégræði og valdafíknar, og seldu svo land sitt og þjóð undir yfirráð erlends einvaldskonungs og bundu þar með margar kynslóðir á klafa fátæktar, hungurs, kúgunar og margslags vesaldóma, og þá tóku veðrin að spillast, sólfar varð minna, úrfelli meira, kuldar harðari, skógar eyddust og álfar flúðu í kletta og dísir hurfu úr lofti, og Breiðamerkurjökull vaknaði af löngum svefni og tók að vaða niður sléttuna [...]. (197)

Áðan vitnaði ég í Þórbergs þar sem hann sagði: „En maður getur spurt: Fluttist Hrollaugur landnámsmaður þangað [á Fell] og byggði þar fyrstu manna, þegar hann seldi Úlfi vorska Breiðabólstaðinn, ef sú saga er sönn í Landnámu?“ Hann kemur nánar að þessu máli síðar í bókinni og segir að „enginn staður [hafi verið] líklegri en Fell“, sem bústaður Hrollaugs, enda var Fellsland „langt fram eftir öldum [var] mesta jörð í Suðursveit. Það er máski bending um, að Hrollaugur hafi búið síðast á Felli, að



sagan sagði, að hann væri heyrdur í Hrollaugshólum, sem eru um fimmtán mínútna gang í suðaustur frá gamla Fellsbænum.“

Af því sem hér hefur verið rakið úr bók Þórbergs má sjá að hann lýsir Felli sem mestu kostajörð, einhvers konar Edengarði, sem hafi breyst í örreytiskot vegna ágangs náttúruafla, illra álaga og jafnvel vegna heimsku, fégræðgi og valdafiknar höfðingja landsins „og þá tóku veðrin að spillast, sólfar varð minna, úrfelli meira, kuldar harðari, skógar eyddust og álfar flúðu í kletta og dísir hurfu úr lofti, og Breiðamerkurjökull vaknaði af löngum svefni og tók að vaða niður sléttuna.“ Þannig hvarf sá Edensgarður.